

Þingsályktun

um aðgerðir gegn skipulagðri glæpastarfsemi.

Alþingi ályktar að fela innanríkisráðherra að undirbúa heildstæða aðgerðaráætlun gegn skipulagðri glæpastarfsemi hér á landi í samvinnu við hlutaðeigandi ráðuneyti og stofnanir, auk allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis. Aðgerðaráætlunin liggja fyrir svo fljótt sem verða má og eigi síðar en 1. desember 2012.

Jafnframt ályktar Alþingi að fela fjármálaráðherra að tryggja að í frumvarpi til fjáruka-laga yfirstandandi árs verði gert ráð fyrir 50 millj. kr. fjárveitingu til starfa rannsóknar- og aðgerðarteymis lögreglu gegn skipulagðri glæpastarfsemi sem hafi samvinnu við lögreglulið um allt land.

Samþykkt á Alþingi 11. júní 2012.

